

Mánudagur  
13. september 2010  
214. tölublað 10. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Margrét Ósk Árnadóttir segir bútasaum skemmtilegt og skapandi áhugamál.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Alvöru saumaklúbbbar

Margrét Ósk Árnadóttir hannyrðakona situr við bútasaum hverja stund. Hún er ein stofnenda Íslenska bútasaumsfélagsins og segir saumaklúbba félagsins ekki snúast um kaffi og kökur.

Margrét Ósk Árnadóttir hannyrðakona fékk bútasaumsbakteríuna þegar hún fór á námskeið með systur sinni hjá Heimilisiðnaðarfélaginu fyrir 30 árum.

„Ég var svo sem ekkert spennt þá, en það ætlaðist svo að ég hélt áfram en systir mín hætti,“ rifjar Margrét upp. Hún segist hafa notað bútasauminn aðallega til að skreyta fót barna sinna til að byrja með en hún saumaði fót bæði á sjálfa sig og börn sín þegar þau voru lítil.

„Ég gerði ekki mikið af stórum teppum en þó saumaði ég eitt og annað fyrir heimilið. Ég sauma frekar smærri nytjahluti eins og veski. Það er svo gott að eiga slíkt til tækifærisgjafa,“ segir Margrét og telur bútasauminn ekki seinlegan heldur þvert á móti mjög skemmtilegan og skapandi.

„Þetta er alls ekki seinlegt þegar æfingin er komin. Ég sauma mest í vél og svo eru alltaf að koma fram nýjar aðferðir og aukahlutir til að flýta fyrir. Það er jafnvel hægt að sauma heilt rúmteppi á einni helgi.“

Margrét er ein stofnenda Íslenska bútasaumsfélagsins. Hún komst í kynni við bútasaumskonur á Norðurlöndunum gegnum internetið og þær komu í heimsókn hingað til lands. Í framhaldinu boðuðu Margrét og fleiri til stofnfundar í Norræna húsinu, þangað sem mættu 120 konur.

„Sú tala fór fljótlega upp í 400 og hefur haldist í kringum það



Þessa dagana stendur yfir sýning félagsins í Perlunni þar sem gefur að líta bútasaumsverk félagskvenna af öllu landinu. Á morgun opnar svo önnur sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur.

síðan. Meðlimir eru um allt land. Félagið hefur haldið opna sýningu hér í Reykjavík annað hvert ár,“ útskýrir Margrét en í fyrra stóð félagið fyrir sýningunni Hafíð í Sjóminjasafninu við góðar undirtektir. „Forstöðumaðurinn sagði aðsókna að safninu hafa tvöfaldast þennan tíma. Sérstaklega var gaman að sjá hversu margir karlmenn komu og voru yfir sig hrifnir.“

Þessa dagana stendur yfir sýning félagsins í Perlunni þar

sem gefur að líta bútasaumsverk félagskvenna af öllu landinu. Á morgun opnar svo önnur sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Innt eftir því hvort það sé þá ekki bara drukkíð kaffi í saumaklúbbum segir Margrét það af og frá. „Þetta eru alvöru saumaklúbbbar þar sem við hittumst með saumavélarnar og saumum. Félagsskapurinn er svo skemmtilegur og við ferðumst til útlanda saman. Það mættu auðvitað vera fleiri yngri konur í félaginu en þær eru eldhressar þessar eldri. Þetta áhugamál tengir fólk svo vel saman að aldurinn skiptir engu máli.“

heida@frettabladid.is

Með bútasaumsbakteríu  
Saumaklúbbbar Íslenska  
bútasaumsfélagsins snúast  
ekki um kaffi og kökur.  
allt 2

